



Kjarasamninganefnd – 26. apríl 2019

**Efni : Tillaga um tímabundið fyrirkomulag launaröðunar starfa í BHM**

Við innleiðingu starfsmats hjá aðildarfélögum BHM sem sömdu um starfsmat í síðustu kjarasamningum sveitarfélaga er staðan sú að um 80 störf af tæplega 300 ýmist ættu að lækka í launum m.v. nógildandi starfsmatsniðurstöðu eða ekki er til starfsmatsniðurstaða fyrir starfið.

Þessi störf falla í svokallaðan C hóp í starfsmati. Samið hefur verið um við stéttarfélögin að starfsmenn sem nú eru í starfi lækki ekki í launum og störfín sem lækkuðu verði tekin til sérstakrar skoðunar. Einnig liggur fyrir samkomulag um það verklag að störfín sem ekki er til niðurstaða fyrir verði tengd til bráðabirgða við önnur störf og sett í mat í starfsmati í gegnum endurmatsferli.

Lagt er til að launadeild fái heimild til að launasetja nýráðningar í störf sem ættu að lækka launum samkvæmt fyrstu niðurstöðum og ný störf með sama hætti og var fyrir starfsmat á meðan unnið er að frekari skoðun á þessum störfum og mati á störfum sem ekki hafa enn verið metin. Umrædd störf taki því laun samkvæmt launatöflu III-A og launaröðun samkvæmt bráðabirgðaröðun nógildandi kjarasamnings aðila fyrir starfsmat.

Akureyri, 24. apríl 2019

Halla Margrét Tryggvadóttir  
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs



